



Flugslysaæfing Gjögur flugvöllur 18.-19. október 2019 Lokaskýrsla



Isavia
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjórn	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Æfingastjórn	4
3.2	Ráðgjafar	4
3.3	Þátttaka	5
3.4	Handrit æfingarinnar og vettvangur.....	5
3.5	Veður	5
3.6	Myndir frá æfingunni.....	5
4	Rýni.....	6
4.1	Rýnifundur	6
4.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	7
4.2.1	Leikarar og förðun	8
4.3	Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar.....	9
4.3.1	Það sem vel var gert	10
4.3.2	Það sem betur hefði mátt fara	10
4.3.3	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?	11

1 Frá æfingastjórn

Undirbúningur fyrir æfingu á Gjögri hófst í lok sumars. Undirbúningur felst í byrjun á uppfærslu skjala og boðun fundar með viðbragðsaðilum svæðisins. Í byrjun september átti lögreglan fund með helstu viðbragðsaðilum í Árneshreppi, flugvallarstarfsmanninum, forsvarsmönnum björgunarsveitarinnar Ársól, oddvitann og einhverja fleiri og tóku fyrir m.a. komandi flugslysaæfingu. Isavia og almannavarnir voru ekki hluti af þeim fundi en til stóð að halda annan fund um 1-2 vikum síðar vegna æfingarinnar þó svo að margir punktar hefðu komið fram á fyrri fundinum. Sökum smala mennsku var ákveðið í samráði við heimamenn að láta fyrri fund nægja enda allir önnur kafnir á svæðinu. Því miður kom þetta niður á hluta æfingar en einhver misskilnings gætti um hverjir myndu taka þátt í æfingunni. Annar fundur hafði verið um haustið á svæðinu á meðal viðbragðsaðila, flugslysaæfingunni ótengt, og út frá því héldu bjargir utan Gjögurs að þær ættu ekki að taka þátt. Því miður uppgötvaðist þessi misskilningur einungis viku fyrir æfingu og ekki náðist að vinda ofan að því. Engar aðkomubjargir komu því á æfinguna fyrir utan björgunarsveitaraðila frá Hólmavík en vonandi ná aðrar bjargir að taka þátt í næstu æfingu.

Það er sammerkt með smærri stöðum þar sem aðilar hafa marga hatta og sinna mörgum hlutverkum á sínu heimasvæði að erfiðlega getur verið að fá fólk til að staðfesta þátttöku í viðburðum. Það var raunin og fram á síðustu stundu var mjög óljóst um fjölda þátttakenda af svæðinu. Þegar dagskrá hófst þann 18. október, fór þó mæting framur vonum og tóku alls um 30 manns þátt í fræðslu og æfingunni sjálfri.

Þar sem langt er í næstu bjargir á Gjögur var unnið út frá að efla viðbragð heimamanna m.a. með upprifjun í skyndihjálpi og eldvarnarfræðslu fyrir heimili. Allir tóku virkan þátt í bæði bóklegri og verklegri fræðslu ásamt því að standa sig prýðis vel á æfingunni sjálfri og virkilega gaman að finna velvild samfélagsins í garð æfingastjórnar og ráðgjafa. Aðstaða í félagsheimilinu var mjög góð og veitingar bæði frá Hótel Djúpavogi og Thomasi fóru vel í mannskapinn.

Vonum við að æfingin og skýrsla þessi nýtist til frekari uppbyggingar og sé hvati til frekari æfinga á svæðinu. Bestu þakkir fyrir samstarfið.

02.12.2019

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir, verkefnastjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia

Æfingastjóri

2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar á Gjögri var að æfa flugslysaáætlun flugvallarins með þeim viðbragðsaðilum sem koma fram í áætluninni. Auk þess var lagt upp með að styrkja hæfni heimamanna í fyrstu viðbrögðum s.s. með kennslu í skyndihjálp og fræðslu um eldvarnir og slökkvitækjavarnir.

3 Undirbúningur og framkvæmd

Eftirfarandi dagskrá var höfð að leiðarljósi.



Dagskrá Gjögur 2019

Fimmtudagur 17. október

10:00 **Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Gjögur flugvelli. Auk þess eiga allir gsm-símar á svæðinu að fá boðin. Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

Flestir ráðgjafar koma á Gjögur seinnipart fimmtudags/fimmtudagskvöld.

Föstudagur 18. október

09:30 **Stöðufundur ráðgjafa** – Flugvöllur/Æfingastjórn og ráðgjafar
Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
Uppsetning vettvangs

16:30-20:30 **Skyndihjálparfræðsla og notkun hjartastuðtækja** – Félagsheimilið/Allir þátttakendur
Smá bókleg en einblínt á verklega kennslu.
Fólk er hvatt til að kynna sér ókeypis skyndihjálparnámskeið á netinu frá Rauða krossinum fyrir viðburðinn <https://skyndihjalp.is/>

*Boðið verður uppá kvöldverðarhressingu um kl. 19.30

20:30-21:30 **Almennt um æfinguna**

- Tilgangur flugslysaæfinga
- Flugslysaáætlun fyrir Gjögur og endurbætur
- Almennt um skipulag í höpslysum (SÁBF)
 - Áskoranir í litlu samfélagi
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna
- Skrifborðsæfing - Rætt hvernig æfingin fer fram

Laugardagur 19. október

09:30-12:00 **Eldvarnir og slökkvitækjanotkun fyrir heimili** – Félagsheimilið/Allir þátttakendur
Bæði bókleg og verkleg kennsla.

11:30 **Förðun leikara** – Félagsheimili

12:15 **Súpa og brauð fyrir alla þátttakendur** í félagsheimilinu

13:15 **Flugslysaæfing hefst** – Flugvöllur/Allir þátttakendur
Að lokinni æfingu er gengið frá búnaði og aðilar taka saman punkta fyrir rýnifund.

14:30 **Rýnifundur og kaffi fyrir alla þátttakendur á flugvöllum**
Ath. hefst mögulega fyrr ef æfing er búin fyrr eða aðeins seinna ef æfingu er lokið seinna.

3.1 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþingvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn	Hlynur Snorrason og Bryndís Ósk Jónsdóttir, lögreglunni á Ísafirði

3.2 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Veigar Þór Guðbjörnsson Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Hólmgeir Þorsteinsson (vettvangur, fræðsla)
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir LSH
Ráðgjafi	Halldór Hólm Harðarson Almannavarnir
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir Umsjón leikara og förðun
Ráðgjafi	Guðbrandur Ö. Arnarsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Anna Filbert Landsstjórn björgunarsveita (SL)
Ráðgjafi	Einar Strand Landsstjórn björgunarsveita (SL)


3.3 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á æfingunni var um 30 manns.

3.4 Handrit æfingarinnar og vettvangur

Jetstream frá flugfélaginu FlyNoMore í leiguflugum við Gjögur með 6 farþega hlekkist á við landingu.

Vélin brotlendir og eldar loga. 600L af eldsneyti eru um borð.



3.5 Veður

Veður var með fínasta móti, svalt, bjart og engin úrkoma, hvorki rigning né snjór.

3.6 Myndir frá æfingunni

Myndir frá æfingunni voru settar á Facebook síður Flugslysaæfinga og má nálgast þær hér;

https://www.facebook.com/pg/flugslysaefingar/photos/?tab=album&album_id=572489906918010


4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið er framkvæmt á þrennan hátt, en með þeim hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram;

1. Vettvangsrýni ráðgjafa.
2. Stuttur samantektarfundur er að lokinni æfingu.
3. Öllum þátttakendum er boðið að rýna aðgerðina rafrænt.

Mikilvægt er að hver og einn viðbragðsaðili nýti sér skýrsluna til að skoða og fara yfir það sem vel var gert og hvar má gera betur, er það undir hverjum og einum viðbragðsaðila að gera slíkt og ákveða umbætur.



4.1 Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í flugvallarskemmunni þar sem boðið var uppá kaffi og drykki ásamt dýrindis marengstertu sem Thomas hafði útbúið.

Punktar frá rýnifundi

- Æfingin í heild sinni gekk vel.
- Æfingin byrjaði ekki alveg á réttum tíma þar sem leikarar/þolendur voru ekki tilbúnir. Hálf tíma seinkun var því á æfingunni.
- Vel gekk að flytja þolendur í flugstöðina en hálf tíma eftir að æfing hófst voru allir þolendur komnir þangað.
- Góð mæting var á æfinguna þó lítið hafði verið um svör frá þátttakendum fyrir hana.
- Varðstjóri á Ísafirði fékk ekki sms-boð.
- Skýr fjarskipti voru á æfingunni.
- Ekki fengu allir sms-boð á svæðinu en sent var út á alla farsíma.
- Skýr samskipti voru á milli flugvallarstarfsmanns og lögreglu.
- Lögregla átti smá erfitt með að vita hver væri hvað á staðnum og setja í hlutverk en það kom svo.

- Gróf bráðaflokkun var gerð og gekk ágætlega að flytja þolendur en skoða þarf uppsetningu inn í flugstöðinni.
- Setja þarf upp merkingar SSS, MÓT o.s.frv. svo að sé alltaf uppi.
- Fleiri teppi hefðu mátt fara á vettvang.
- Samskipti við AST voru fín.
- Setja mætti einnig teppi í flugstöðina sjálfa, t.d. ef kerran er sett út er ekki gott að þau séu öll þar.
- Mjög vel búið um þolendur, spelkun og frágangur í börurnar.
- Leikurum þakkað fyrir sitt framlag, stóðu sig vel.
- Talið var inn í flugstöðina en skráning út úr henni (í flutning) misfórst og var ekki gerð.
- AST var að máta sig við aðstæður og aðgerðir á Gjögri, gekk vel, skoða má talhópaskiptingu.
- Fara mætti með slökkvibíl nær þannig að ekki þurfi að ganga langa vegalengd með loftkútinn, með því má spara loft.
- Fara mætti yfir teygjubindi og plástra í töskunum í kerrunni.
- Kl. 16.00 var æfingin og allur frágangur búinn.

4.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Sökum smæðar æfingar og að ekki eru allir verkþáttastjórar virkjaðir þá voru ráðgjafar til halds og traust fyrir alla þátttakendur.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð.

Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?

- Fyrirlestrar og fræðsla í aðdraganda æfingunnar voru flottir og gagnlegir. Vel "lesið" í hópinn með efnistöð.
- Heimamenn voru mjög jákvæðir gagnvart æfingunni eins og kom í ljós með góðri þátttöku.
- Allt sýndist mér.
- Ég held að skyndihjálpar kennslan hafi verið ágætlega vel heppnuð.
- Að ákvarða gróflega með hvaða hætti vettvangur yrði. Einnig var vel staðið að verklegri fræðslu fyrir fólk í sveitarfélaginu þ.e. þau efnistökin sem lögð var áhersla á.
- Mjög góð dagskrá frá ISAVIA sem samanstóð af skýrri samantekt hvað gert verður dag hvern. Mjög góð samvinna við undirbúning. Skyndihjálparfræðslan þó stutt væri var mjög góð. Þá einnig fræðslan um eldvarnir og slökkvitækjanotkun, en hún var mjög góð. Góð vísa er aldrei of oft kveðin. :-)

Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi æfingarinnar?

- Hefði kannski átt að renna í gegnum eina verklega sýnikennslu um hvernig bráðaflokkun fer fram í SLY (mínniháttar atriði).
- Misvísandi skilaboð um þátttöku bjarga utan Árneshrepps höfðu afgerandi áhrif á þáttökuleysi þeirra.
- Ég hefði viljað koma við á Hólmavík og hitta heilbrigðisstarfsfólkið þar. Bara til að átta mig á hversu mörg þau eru og hvernig þau sjá hóp-slysaáætlunina fyrir sér. Einhverja hluta vegna var það fyrir fram ákveðið að þau myndu ekki taka þátt í æfingunni vegna þess að hún átti að vera sem raunverulegust og heimamenn ættu að æfa sig. Þessa ákvörðun frétti ég bara af á

föstudeginum fyrir æfingu. Legg til að næst þegar æfing er á Gjögri að áhersla verður á aðkomu heilbrigðisstarfsmanna þegar búið er að bjarga og hugsa um slasaða í 1 klst eða svo.

- Erfitt að gera sér grein fyrir fjölda þátttakenda og sjúklinga. Þetta er þó hlutur sem erfitt var að vita fyrir fram hvernig yrði. Erfitt að gera sér grein fyrir fjölda þátttakenda og sjúklinga.
- Helst lítið.

Hvað gekk vel á æfingunni?

- Björgunarmenn voru áhugasamir og með ferska kunnáttu í farteskinu. Lítið hik og sjálftraust í lagi. Gagnlegt að láta SSS að starfa um tíma þótt ekki væri hægt að framkvæma áverkamat.
- Fræðslan var mjög góð og skilaði miklu til samfélagsins! Allir lögðust á eitt með að leysa verkefnið og tókst afar vel til.
- Flest miðað við aðstæður.
- Vettvangsvinna í slökkvistarfi gekk vel. Guðlaugur flugvallarstarfsmaður á Gjögri tók öllum leiðbeiningum vel og framkvæmdi allt sem átti að gera.
- Það var margt sem gekk vel á æfingunni, en frá mínum bæjardyrum séð þá var fólk að átta sig á verkþættum sem þarf að framkvæma, það var verið að nota þann búnað sem tiltækur er á flugvellinum, ferli sjúklinga var rétt. Skyndihjálp og aðhlyning var gerð.
- Mjög gott utan umhald af hálfu ráðgjafa og skýr skilaboð til þeirra sem í æfingunni voru, þ.e.a.s. heimamanna og fl.

Hvað hefði mátt fara betur á æfingunni?

- Ekkert sem hönd er á festandi. Fylgdist mest með bráðaflokkun og flutning inn á SSS. Nokkrir hnökrar vegna reynsluleysis en gekk ágætlega.
- Það er alltaf erfitt þegar slys verða langt frá skipulögðu viðbragði.
- Bráðflokkunin hefði mátt vera markvissari (1-2 að bráðaflokka) + koma tölum áfram sem fyrst. Samskipti frá vettvangi til SSS hefði mátt vera betra. Huga þarf að skipulagi á flugstöðinni þegar taka þarf marga slasaða þangað inn. Þetta mætti alveg æfa þ.e. t.d. hvernig er best að þeir liggja. Alltaf má bæta sig í samskiptum.
- Kannski fleira fólk, en fámenni yrði þó líklega raunin ef slys yrði á Gjögur flugvelli, svona fyrst um sinn.
- Annar eldgallinn á flugvellinum var illa farinn og þarfnast útskiptingar.

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

- Alvarlegt að ekki sé hægt að tryggja boðun íbúa og annara aðila á svæðinu með SMS. Áhyggjuefni hve vanmáttugt svæðið er, fyrir utan ISAVIA kerruna, þegar kemur að hópslysabúnaði.

4.2.1 Leikarar og förðun

Alls tóku 6 leikarar þátt í æfingunni á alls konar aldri og stóðu sig með stakri þrygði.

Förðun drógst á langinn og tafði æfinguna um hálf tíma en mikilvægt er að tímaáætlanir standist því fólk tekur þátt víða um landið, AST, VST auk heimamanna.


4.3 Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Alls tóku 9 aðilar þátt í rýni.

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?

Answered: 9 Skipped: 0



4.3.1 Það sem vel var gert

4.3.1.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Fræðslan gerði stóran þátt í undirbúningnum, hefði þurft fund með viðbragðsaðilum fyrir æfinguna	Æfingastjórn
Frábært að fá upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi og brunavörnum. MJÖG gott og hnitmiðað námskeið.	Æfingastjórn / Ráðgjafar
Fræðslan mjög góð flott yfir ferð á t.d. skyndihjálpi og eldvörnum og fleiri góðir puntar	Æfingastjórn / Ráðgjafar
Gekk vel, með undirbúning og góð fræðsla!	Æfingastjórn / Ráðgjafar
Allir sem skráðir eru í viðbragðsáætlunina tóku ekki þátt í æfingunni, misskilningur var um þátttöku.	Æfingastjórn
Allt mjög vel	Allir
Flest allt	Allir
Hvortveggja gekk vel.	Allir

4.3.1.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Allt á staðnum, allir íbúar voru bjargir	Heimamenn
Góð aðstoð frá fagaðilum sem fylgdust með. Gott skipulag frá skipuleggjendum. Heimamenn stóðu sig sérlega vel, komu á óvart.	Æfingastjórn / Ráðgjafar
Flest gekk vel en var aðeins stírt til að byrja með.	Viðbragðsaðilar / Heimamenn
Gekk vel en hefði gengið betur ef við hefðum tekið aftur æfinguna aftur, bara þegar sjúklingarnir komu inn. Þá hefðum við fengið 10.	Viðbragðsaðilar / Heimamenn
Flest gekk vel	Allir
Það lifðu allir	Allir
Hún gekk mjög vel. Vorum fljót að koma okkur að verki og greina sjúklinga.	Viðbragðsaðilar / Heimamenn

4.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

4.3.2.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Samtal viðbragðsaðila fyrir æfingu	Æfingastjórn

Fyrir mig sem hef aldrei fengið þjálfun í vettvangsstjórnun þá hefði verið kostur að hafa einhvers konar grunnnámskeið í slíku. En er í afleysingum og því ekki hægt að ætlast til þess að slíkt sé aðgengilegt með þetta stuttum fyrirvara.	Æfingastjórn
Örlítið að æfa kannski uppsetningu sem sagt hver gerir akkúrat hvað og svo þjálfun á samskiptum, aðkomu að stjórnandanum og hlutverka skipun á svæðinu þjálfast sennilega með fleiri æfingum enn samt aldrei of oft æft	Æfingastjórn
Góður undirbúning	Æfingastjórn
Get ekki fundið neitt sérstakt	-
Ekkert sem ég tók eftir sérstaklega.	-

4.3.2.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
Æfingin gekk eins og smurð vél miðað við aðstæður	Allir
Vantaði fagaðila/fagþekkingu við flokkun slasaðra.	Viðbragðsaðilar / Heimamenn
Að virkja tæki hjá fleiri aðilum en Isavia	Viðbragðsaðilar
Skipulag þegar við komum inn í aðstöðuna, við komum á misjöfnum tíma. Þyrfti að hafa spjöld í rekka á vagninum, sem við tókum sem segir okkur hvað hlutverk maður á að gegna.	Isavia / Almannavarnir
Það kom upp sú hugmynd að útkallið verði ekki bara á íslensku heldur líka á ensku. Því það kom í ljós að útlendingar sem voru á svæðinu fengu boð í sína síma, það er alveg hugsanlegt að læknir geti verið á ferð á svæðinu og mætt á slysstað. Það gæti hjálpað til greiningu og aðhlyningu slasaðra.	Almannavarnir / Neyðarlína
Aðallega að hafa móttöku fyrir slasaða frekar í vélaskemmu þar sem plássíð er mikið meira frekar en flugstöðinni sem er plásslítill.	Isavia
Annar eldvarnargallinn er ónýtur, þarf að setja nýjan.	Isavia
Festa má skilti upp, SSS, MÓT o.s.frv.	Isavia
Gleymdi að afhenda greiningarspjald sjúklings þegar hann fór í flug.	Viðbragðsaðilar / Heimamenn

4.3.3 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

Rýnipunktur	Eigandi
Spurning að skoða hvort vettvangsliðar á svæðinu myndu breyta einhverju almennt	Almannavarnir Slysavarnafélagið Landsbjörg
Takk fyrir mig, ég græddi helling á þessu persónulega.	-

Heilmiklar þakkir	Allir
Bara þakka fyrir að það sé verið að sinna okkur þessum fámennu sveitum. Það er vist öryggi.	Allir
Ánægjulegt að taka þátt í þessu verkefni	Allir
Takk fyrir góða æfingu	Allir
Passa þarf að leikarar séu klárir á réttum tíma / förðun	Isavia
Bara takk fyrir mig.	Allir

4.3.3.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,33 af 10.